



## Umsókn um lán, greiðslumat og samþykki fyrir gagnaöflun

### Upplýsingar um lántaka

<input type="text"/>	<input type="text"/>
Nafn lántaka	Kennitala
<input type="text"/>	<input type="text"/>
Heimilisfang	Póstnúmer og sveitarfélag
<input type="text"/>	<input type="checkbox"/> JÁ <input type="checkbox"/> NEI
Símanúmer	Í hjúskap/skráðri sambúð
Netfang aðalskuldara	<input type="text"/>
<input type="text"/>	Kennitala samskuldara
Nafn samskuldara	<input type="text"/>
<input type="text"/>	<input type="text"/>
Símanúmer	Netfang samskuldara

### Upplýsingar um lán og veðtryggingu

<input type="text"/>	<input type="text"/>
Lánsupphæð	Lánstími (5 til 40 ár)
<input type="text"/>	<input type="text"/>
Veðstaður	Póstnúmer og sveitarfélag
<input type="checkbox"/> Verðtryggt, annuitet, fastir vextir	<input type="checkbox"/> Óverðtryggt, annuitet, fastir vextir í 36 mánuði
<input type="checkbox"/> Verðtryggt, jafnar afborganir, fastir vextir	<input type="checkbox"/> Óverðtryggt, jafnar afborganir, fastir vextir í 36 mánuði
<input type="checkbox"/> Verðtryggt, jafnar afborganir, breytilegir vextir*	12 gjalddagar á ári.
	Gjalddagi láns er ávallt 3. hvers mánaðar.

\* Viðmið vegna ákvörðunar á breytilegum vöxtum geta breyst hvenær sem er á lánstíma, sem og vextir til hækkunar eða lækkunar.

### Lánið óskast lagt inn á reikning

<input type="text"/>	<input type="text"/>
Nafn eiganda	Kennitala
<input type="text"/>	<input type="text"/>
Bankanúmer (útibú)	Höfuðbók nr.
<input type="text"/>	Reikningsnúmer

**Greiðsluseðill er ekki sendur.** Óska eftir greiðsluseðli

### Upplýsingar um lán sem lífeyrissjóður verzlunarmanna á að greiða upp við lántöku

Lánveitandi	Upphafleg Fjárhæð	Útgáfudagur	Lánanúmer
1 <input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
2 <input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
3 <input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
4 <input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>

**Skila þarf inn skilyrtu veðleyfi vegna lána frá þriðja aðila sem greiða á upp**

### Afgreiðsla umsóknar

Lánsúmsókninni verður svarað símleiðis eða með tölvupósti þegar öll nauðsynleg gögn hafa borist sjóðnum og þau yfirfarin.

**Sjóðnum er heimilt að hafna umsókn eða takmarka lánsfjárhæð ef niðurstaða lánshæfis- og/eða greiðslumats gefur tilefni til þess.**



Ef lánveiting er samþykkt afhendir sjóðurinn áður en gengið er frá láni lántaka upplýsingar á sérstöku formi um lánið ásamt upplýsingum um sögulega þróun verðlags og vaxta og áhrif þeirra þátta á breytingar á höfuðstól og greiðslubyrði til þess að lántaki geti tekið upplýsta ákvörðun um lántökuna, sbr. 13. gr. og 14. gr. laga nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda.

### Upplýsingar vegna greiðslumats

Fjöldi barna á framfæri umsækjanda: \_\_\_\_\_ Fjöldi barna á leikskóla/dagvistun: \_\_\_\_\_

Fjöldi barna í frístund eftir skóla: \_\_\_\_\_ Börn í skólamötuneyti: \_\_\_\_\_

Fjöldi bifreiða: \_\_\_\_\_ Fjöldi daga sem barn/börn dvelja á öðru heimili í hverjum mánuði: \_\_\_\_\_

Aðrar upplýsingar sem lántaki vill koma á framfæri:

### Samþykki umsækjanda og samskuldara (ef við á) fyrir öflun og notkun upplýsinga úr fjárhagskerfum og fjárhagslegra upplýsinga og annarra gagna í tengslum við lánsúmsókn þessa og greiðslumats.

Ég undirritaður/við undirrituð veiti/veitum Lífeyrissjóði verzlunarmanna, kt. 430269-4459, fullt og ótakmarkað umboð til þess að óska eftir upplýsingum um stöðu allra útlána og annarra fjárskuldbindinga sem ég/við nú stend/stöndum í við fjármálastofnanir og opinbera aðila, hvort sem um er að ræða banka, sparisjóði, lífeyrissjóði, skattayfirvöld, íbúðalánasjóð eða aðrar fjármálastofnanir eða opinberar stofnanir, ásamt öllum öðrum gögnum tengdum þeim fjárskuldbindingum og skyldum mínum/okkar, þ.m.t. hvort þau séu í vanskilum eða komin í innheimtu hjá þriðja aðila. Umboðið veitir jafnframt heimild til að kalla eftir upplýsingum frá kröfuhöfum sem eru þátttakendur í Skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf. eða annars aðila sem hefur heimild til slíkrar gagnaöflunar og skilar yfirliti sem m.a. inniheldur framangreindar fjárskuldbindingar.

Umboð þetta veitir Lífeyrissjóði verzlunarmanna jafnframt heimild til að sækja upplýsingar um lánshæfismat mitt/okkar til Creditinfo Lánstrausts hf. áður en ákvörðun er tekin um lánafyrirgreiðslu og á meðan lánsviðskipti aðila eru fyrir hendi, enda byggji notkun lánshæfismatsins ætíð á lögvörðum hagsmunum lífeyrissjóðsins. Lánshæfismatið spáir fyrir um líkur á alvarlegum vanskilum í framtíðinni (alla jafna næstu 12 mánuði) og byggir á upplýsingum sem Creditinfo býr yfir, s.s. upplýsingum í vanskilaskrá, hlutafélagaskrá, skattskrá, upplýsingum um uppflettingar í skrár Creditinfo, o.fl. Lánshæfismatið byggir á samkeyrslu gagna og getur innihaldið sögulegar upplýsingar, s.s. um þróun vanskila og lánshæfismats.

Einnig veitir umboðið Lífeyrissjóði verzlunarmanna heimild til að sækja upplýsingar um eignastöðu mína, þ.e. fasteigna- og ökutækjaeign, í gagnagrunna Þjóðskrár Íslands og Samgöngustofu (Umferðarstofa) eða þess aðila sem á hverjum tíma telst ábyrgðaraðili umræddra upplýsinga skv. 6. tl. 3. gr. nr. 90/2018. Þá er sjóðnum heimilt að afla annarra gagna sem nauðsynleg kunna að vera til framkvæmdar greiðslumats og ekki liggja þegar fyrir.

Framangreint samþykki um öflun upplýsinga er í samræmi við ákvæða laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, einkum 8. tl. 3. gr. og 1. og 2. tl. 1. mgr. 9. gr.

Samþykki þetta fellur úr gildi þegar lánsviðskiptum aðila lýkur. Fram til þess tíma hefur Lífeyrissjóður verzlunarmanna heimild til að sækja og nota þær upplýsingar sem samþykki þetta tekur til. Heimilt er einnig að afturkalla samþykki þetta að því marki sem sjóðnum er ekki nauðsynlegt að afla umræddra gagna vegna lánsviðskipta sem ekki er lokið og tekur afturköllun gildi 30 dögum eftir að sjóðurinn hefur sannanlega mótttekið skriflega afturköllun.

Undirrituð/aður/aðir lýsa hér með yfir að hafa kynnt sér lánareglur og veðkröfur sjóðsins.

### Undirskrift

Staður og dagsetning

Undirskrift aðalskuldara

Undirskrift samskuldara

Meðferð sjóðsins á persónuupplýsingum umsækjanda má finna hér.



PRENTA

VISTA

HREINSA



## Fylgiskjöl

### Fasteign

- Nýtt veðbókarvottorð vegna allra fasteigna í eigu lántaka.
  - Lífeyrissjóður verzlunarmanna útvegi veðbókarvottorð.
- Fasteignamat Þjóðskrá Íslands vegna eignar í eigu lántaka eða fasteigna sem hann hyggst kaupa.
  - Lífeyrissjóður verzlunarmanna útvegi fasteignamatsvottorð.
- Afrit af tryggingarbréfum sem hvíla á eigninni (ef við á).
- Afrit af undirrituðu kauptilboði, bæði vegna sölu á fasteign og/eða fasteignakaupa (ef við á).
- Vottorð um smíðatryggingu sé eign í smíðum. Fasteign telst einungis veðhæf ef hún er skráð á byggingarstig 4 eða hærra og smíða-/brunatrygging frá tryggingarfélagi er lagt fram.

### Tekjur

- Staðfest afrit af síðasta skattframtali.
- Staðgreiðslufirlit frá ríkisskattstjóra a.m.k. fyrir síðustu 12 mánuði (aðgengilegt á [www.skattur.is](http://www.skattur.is)).
- Staðfesting á tekjum síðustu þriggja mánaða, s.s. afrit af launaseðlum.
- Ef um sjálfstæða atvinnurekendur er að ræða þarf að skila inn skilagrein vegna staðgreiðslu reiknaðs endurgjalds síðustu 12 mánuði.
- Staðfesting á öðrum tekjum, þ.m.t. fjármagnstekjum (svo sem húsaleigutekjur) og föstum bótagreiðslum (ef við á).
- Staðfestingar á föstum greiðslum, s.s. vegna meðlags- og lífeyrisgreiðslna.

### Skuldbindingar

- Nýjstu greiðsluseðlar lána. Staðfestingar á eftirstöðvum og greiðslubyrði allra, skammtíma- og langtíma skuldbindinga. Sem dæmi má nefna fasteignalán, LÍN, raðgreiðslusamninga, bílalán, ásamt öðrum skammtíma skuldum.
- Ef greiða á upp lán þarf einnig að fylgja uppgreiðsluverðmæti lánsins ásamt uppgreiðslukostnaði ef við á.
- Upplýsingar um húsaleigugreiðslur (ef við á).
- Upplýsingar um ábyrgðarskuldbindingar (ef við á).

### Annað

- Ef um skilnað er að ræða þarf fjárskipta og skilnaðarsamning staðfestan af sýslumanni.
- Önnur gögn sem varpa geta ljósi á fjárhagsstöðu neytanda.
- Annað

Athygli er vakin á því að lífeyrissjóðurinn getur óskað eftir fleiri gögnum en hér eru tilgreind.

Athugið að skilyrði er að lán umsækjanda hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna séu í fullum skilum.

